

Nína Gauta í París.



Nína Gauta við störf.

Íslenskar listagyðjur í París

Látum meðfylgjandi ljósmyndaröð tala, skrifar Sigurður Þorgeirsson, ljósmyndari í París, og sendir okkur myndir af „listagyðjunum Eddu og Nínu". Hann lýsir umhverfi og andrúmslofti þegar myndirnar urðu til:

Gestir Opus-Café risu úr sætum. Lófatak og fagnaðarhróp þeirra virtust engan endi ætla að taka. Eftir þrjú aukalög gátu píanóleikarinn, Edda Erlendsdóttir, og fiðluleikarinn, Jaques Prat, fengið ró í búningsherbergjum sínum baksviðs.

„Ég átti ekki von á slíkum móttökum", sagði Edda við mig. Í síðastliðnum maímánuði fylgdist ég með hljómleikum Eddu Erlendsdóttur og Jaques Prat í fjögur kvöld í Opus-Café. Meistaraverk Sains, Sarasates og Kreislers voru túlkuð af slíkri snilld að jafnvel Frakkar — heimsins erfiðustu hlustendur — sátu agndofa.

Til upplýsingar fyrir Íslendinga, sem heimsækja París, þá er Opus Café til húsa á 167 Que-de-Valny og hægt að komast þangað með neðanjarðarbrautinni á Metro Joures.

Nína sýnir á Íslandi

Í níunda hverfi Parísar situr listakonan Nína Gauta í vinnustofu sinni og málar myrkranna á milli.„Ég er að undirbúa sýningu, sem opnar á Kjarvalsstöðum 14. júlí næstkomandi", segir hún. Í París hafa málverk listakonunnar Nínu Gauta ekki síður vakið athygli en píanóleikarinn Edda Erlendsdóttir.

„Rúnaletur á hug minn allan um þessar mundir. Íslenskar og egypskar myndir sitja í öndvegi. Allar þær myndir sem ég sýni á Kjarvalsstöðum eru málaðar út frá táknmáli rúnaleturs," segir Nína. Nína er á heimleið með ávöxt erfiðis síns. Innan skamms stendur sýning einstakrar listakonu Íslendingum til boða. Listferill Nínu í Evrópu er stráður viðurkenningum og verðlaunum.



Nína Gauta aðstoðar dóttur sína.




Nína Gauta og eiginmaður hennar.



Edda og Jaques Prat í Opus Café



Edda Erlendsdóttir og Jaques Prat.



Edda og eiginmaður hennar ásamt eiganda Opus Café til vinstri.